

Hlaupið yfir Jökulháls



Tæplega 160 hlauparar tóku þátt í Snæfellsjökulshlaupinu sem fór fram um síðustu helgi.

Karítas Sveina Guðjónsdóttir tók

þessa mynd af hlaupurum Arnarstapameginna á Jökulhálsveginum. Nánar er fjallað um hlaupið á innsíðum blaðsins.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Kona féll við Svöðufoss



Upp úr hádegi mánudaginn 23. júní fékk björgunarsveitin Lífsbjörg útkall eftir að erlendu ferðamaður á fertugsaldri féll niður töluverða hæð við Svöðufoss í Hólmkelsá. Um tugur björgunarsveitarmanna kom að aðgerðunum en þýrla Land-

helgisgæslunnar var kölluð út til að sækja konuna. Að frásögn sjónarvotta hafði konan farið út af merktri gönguleið og klifrað upp í um 5 metra hæð þaðan sem hún féll niður. Þegar hún fór með þýrlunni var konan með meðvitund en alvarlega slösuð.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Landsmót í Snæfellsbæ um helgina

Landsmót unglíngadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar verður haldið í Snæfellsbæ dagana 25. til 29. júní næstkomandi. Landsmótið er einn af hápunktum í unglíngastarfi félagsins en árlega koma þar saman flestar unglíngadeildir landsins til þess að verða reynslunni ríkari og skemmta sér í leiðinni. Um 380 unglíngar og umsjónarmenn úr 28 unglíngadeildum víðsvegar að af landinu munu koma saman í Snæfellsbæ um umrædda helgi. Skipulag og umsjón mótsins er í höndum umsjónarmanna Unglíngadeildarinnar Drekkans í Snæfellsbæ og Unglíngadeildarinnar Óskar í Búðardal, með dyggri aðstoð frá Björgunarsveitunum. Slysavarnardeildirnar sjá svo til þess að allir þátttakendur séu vel nærðir. Dagskrá helgarinnar samanstendur af hópavinnu þar sem þátttakendur vinna að fjöl-

breyttum og skemmtilegum verkefnum víða um sveitarfélagið, þar má nefna báta, sig og kassaklífur, fyrstu hjálp, leitartækni, spottavinnu, tæki, böruburð, hópefli, sund og landsþing unglínga. Á laugardeginum verður svo kepp á björgunarleikunum þar sem þátttakendur etja kappi í ýmiss konar björgunaraðgerðum. Mótsvæðið verður á Reynisvelli á Hellissandi en þar munu unglíngarnir gista í tjöldum en dagskrá helgarinnar fer fram á Hellissandi og Ólafsvík. Á meðan á mótinu stendur má búast við miklu lífi í bænum, tónlist fylgir oft ungmennunum svo að búast má við hávaða. Kvöldvökunum fylgir sömuleiðis tónlist, söngur og dans. Sett hefur verið reglur um næði eftir klukkan 23 á kvöldin en hátíðarhöldin gætu dregist lengur en það á laugar-dagskvöldið. Aðstandendur mótsins binda vonir við að gleðin sem



fylgir ungmennunum valdi íbúum sveitarfélagsins ekki miklu ónæði og að tekið verði vel í þetta öfl-

uga ungmennastarf sem haldið er úti á landsvísu og gleðinni sem því fylgir.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Norðurálsmótið



Norðurálsmótið er knattspyrnumót sem fer fram á Akranesi fyrir stráka og stelpur í 7. flokki og 8. flokki. Börnin sem koma til að skemmta sér í leik og keppni en lið Snæfellsness átti 5 lið á mótinu í ár. Eitt drengjalið og eitt stelpulið úr 8. flokki gerðu sér ferð á Akranes á 17. júní og kepptu þar fjóra leiki við andstæðinga. Norðurálsmótið er mót fyrir byrjendur sem hefur uppeldislegt gildi þar sem byrjendur

þurfa að fá að læra af mistökum. Föstudaginn 20. júní mættu svo tvö drengjalið og eitt stúlknalið frá Snæfellsnesi og kepptu þar yfir helgina. Veðrið var ekki upp á sitt besta en mótsgestir létu það ekki á sig fá og var skemmtidag-skráin færð inn á laugardeginum. Mikil gleði einkenndi helgina en markmiðið er einmitt að skapa jákvæða upplifun af fyrstu fótbolta-mótum barnanna.

SJ



Afmælishátíð

Opnun á endurbættum Dritvíkurvegi á afmælisdegi þjóðgarðsins 28 júní.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra opnar veginn og Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar segir nokkur orð. Léttar veitingar í boði og landverðir bjóða upp á gönguferð með hátíðarívafl niður á Djúpálónssand að lokinni athöfn.

Velkomin í náttúruperluna Djúpálónssand og fögnum saman þessu ánægjulega tilefni.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Fræðsludagskrá



Ranger program

Snæfellsjökuls- þjóðgarður

↑ Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi

Opið alla daga frá 9:30 -
17:00

National park centre at
Hellissandi

Open daily from 9:30 AM -
5:00 PM

↑ Gestastofan Malarriði

Opið alla daga frá 10:30 -
16:30

Malarrið visitor centre from
10:30 AM - 4:30 PM

Barnastundir

📍 Hellissandur

🕒 Alla fimmtudaga kl. 11:00 frá 1.
júlí-31. ágúst
Lengd: 40 mínútur

Fræðslugöngur

Tímabil: 6. júní - 12.
september

Búðir

📍 Bílastæði við Búðakirkju

🕒 Alla mánudaga kl. 13:00
Lengd: 1-1 ½ klukkustund

Gengið með landverði frá Búðarkirkju
að Frambúðum.

Malarrið

📍 Gestastofan Malarrið

🕒 Alla þriðjudaga, miðvikudaga,
föstudaga, laugardaga og
sunnudaga kl. 13:00

Gengið með landverði að
Löndröngum.

Ranger program

Duration: June 6th -
September 12th

Búðir

📍 Búðakirkja parking lot

🕒 All Mondays at 1:00 PM
Duration: 1-1 ½ hours

Starting point: Búðakirkja parking lot
Join a ranger on a walk from
Búðakirkja to Frambúðir.

Malarrið

📍 Malarrið Visitor Centre

🕒 All Tuesdays, Wednesdays,
Fridays, Saturdays and Sundays
at 1:00 PM

Starting point: Malarrið visitor centre
Join a ranger on a walk to Löndröngur.



Viðburðir Events

6. júní / 6th of June -

Alþjóðadagur hafs - Hafið og við -
Fjölskylduvæn fræðsluganga í
Krossavík

The Ocean and Us - Family-Friendly
Guided Walk in Krossavík.

15. júní / 15th of June

Dagur hinna ylitu blóma -
Blómaganga um Rauðhól

Nordic Wildflower Day - Ranger led
walk around Rauðhól.

25. júní / 25th of June

Fuglaskoðun á Svalpöfu

Among the Birds - Exploring
Svalpöfu's Avian Life

28. júní / 28th of June

Afmæli þjóðgarðsins. Viðburður á
Malarriði.

Birthday of the Snæfellsjökull
National Park.

2. júlí / 2nd of June

Sagan við ströndina - Gönguferð um
Djúpalón og Dritvík.

History by the Shore - Walk through
Djúpalón and Dritvík.

9. júlí / 9th of July

Frá fuglabjargi til hrauns - Ganga
milli Árnerstapa og Heilna.

Lava and Ocean - A Guided Nature
Walk.

16. júlí / 16th of July

Mennilíf og minjar - Gufuskálar með
landverði.

Life and Remains - Exploring
Gufuskálar's Heritage.

23. júlí / 23rd of July

Fjallid og fjarlægðin - Ganga á
Hreggnasa.

Valleys and Views - Guided Hike up
Hreggnasí.

31. júlí / 31st of July

Alþjóðdagur landvarða.

World Ranger Day.

6. ágúst / 6th of August

Eyrarhringurinn. Lífríki og leifar -
Gönguferð um Eyrar og
Lambhagatjarnir.

Hike through Eyrar and
Lambhagatjarnir with a Park Ranger.
Traces of Life - Nature and
Settlement Walk.

13. ágúst / 13th of August

Neshringurinn - lengri ganga með
landverði.

Geology Underfoot - Guided Hike at
Öndverðarnes.



Snæfellsjökulshlaupið

Snæfellsjökulshlaupið fór fram í 14. sinn síðastliðinn laugar- dag þar sem 158 þátttakendur hlupu 22 km yfir jökulhálsinn, frá Arnarstapa yfir til Ólafsvíkur. Stór hluti leiðarinnar er malarvegur, fyrstu 8 km eru um 750 metra hækkun og í ár var um 1,5 km þar sem keppendur þurftu að hlaupa í snjó. Það eru þær Ingunn Ýr Angantýsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir sem sjá um skipulag og utanumhald hlaupsins og hafa gert síðustu 5 árin. Mikil stemmning var við ráslínuna á Arnarstapa og við endamarkið í Ólafsvík þar sem

sá til þess að allir viðstaddir væru í stuði. Björgunarsveitin Lífsbjörg hélt úti tveimur drykkjarstöðvum á hlaupaleiðinni og fjöldi fólks mætti til að hvetja hlauparana áfram, bæði á leiðinni og við endamarkið.

Í ár var það Jón Gunnar Gunnarsson sem fór með sigur úr bítum og hljóp hann leiðina á 1:37:31. Sölvi Snær Egilsson var í 2. sæti og heimamaðurinn Brynjar Vilhjálmsson var í 3. sæti á 1:39:54. Aðalheiður Aðalsteinsdóttir var fyrst kvenna í mark og hljóp hún á 1:58:22. Hátt í 30 manns af svæðinu hlupu í Snæ-

fellsjökulshlaupinu í ár en blískapaveður var þegar hlaupararnir héldu af stað frá Arnarstapa og var það ekki fyrr en síðustu 20 hlaupararnir áttu eftir að koma í mark að byrjaði að rigna. Að hlaupinu loknu héldu hlauparar upp í Sjómannagarð þar sem allir hlauparar fengu þátttökupoka með ýmsum varning frá styrktaraðilum, veitt voru verðlaun fyrir efstu sætin í 8 flokkum auk þess

að Jón Gunnar og Aðalheiður voru verðlaunuð fyrir 1. sætið.

Heyra mátti á hlaupurum og öðrum viðstöddum að mikil ánægja hafi verið með hlaupið og margir töluðu um að Snæfellsjökulshlaupið væri þeirra uppáhalds hlaup enda fjöldi keppenda sem mætir ár eftir ár. Meðfylgjandi myndir tók Karítas Sveina Guðjónsdóttir.

SJ



Sigurvegarar í karla og kvennaflokki.



Björgunarsveitin Lífsbjörg að næra fólki á drykkjarstöð á leiðinni.



Helga Jóhannsdóttir með börnunum sínum eftir hlaupið.



Sigrún og Ingunn skipuleggjendur Snæfellsjökulshlaupsins.



Feðgarnir Ari Bent Ómarsson og Gunnar Bent Arason að koma í mark.



Gyða Kristjánsdóttir frá Ölkeldu ásamt öðrum hlaupurum.

Sjáumst í aðdraganda Ólafsvíkurvöku

Við bjóðum íbúum og fyrirtækjaeigendum í Ólafsvík og nágrenni að koma við og fá persónulega ráðgjöf og þjónustu tengda tryggingum. Ráðgjafar okkar verða á svæðinu dagana 2.–4. júlí frá kl. 9–16.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Starfsfólk Sjóvá

Átthagastofa
Snæfellsbæjar,
*gengið inn á
hægri hlið hússins.*
Kirkjutúni 2
2.–4. júlí
kl. 09:00–16:00



Endurbættur Dritvíkurvegur opnaður

Endurbætur hafa staðið yfir á veginum niður á Djúpalónssand en eins og flestir sem hafa keyrt veginn hafa tekið eftir var aðkom-an að Djúpalónssandi sprungin vegna mikillar umferðar til og frá áningastaðnum. Vegagerðin og Stafnafell komu að endurbót-unum en vegna framkvæmda var veginum lokað fyrir alla umferð frá Útnesvegi að Djúpalónssandi frá 28. maí til 20. júní og þeim sem vildu komast niður að fjör-unni bent á að ganga Vermanna-leiðina niður að Dritvík og þaðan yfir á Djúpalónssand. Nú er fram-kvæmdunum lokið og er vegurinn niður að Djúpalónssandi orðinn tvíbreiður. Þessi endurnýjun er mikil samgöngubót fyrir þá sem eiga leið niður að Djúpalónssandi enda mikil umferð er á þessum vegi, bæði af rútum og fólksbílum.

Næstkomandi laugardag 28. júní verður vegurinn formlega opnaður, Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mun opna veginn og Sigrún Ágústs dóttir forstjóri



Náttúruverndarstofnunar segir nokkur orð. Léttar veitingar verða í boði og landverðir bjóða upp á gönguferð niður á Djúpalónssand að lokinni athöfn.

Þess má geta að 28. júní er af-mælisdagur Þjóðgarðsins.

SJ

Boltinn

Víkingar fengu Gróttu í heim-sókn laugardaginn 21. júní síð-astliðinn í viðburðaríkan leik á Ólafsvíkuvelli. Anel Crnac fékk gult spjald strax á 9. mín-útu en Gróttumenn áttu fyrsta mark leiksins á 21. mínútu og voru þá komnir 0-1 yfir. Kwame Quee skoraði fyrir Víkinga á 23. mínútu en það mark var dæmt af. Kristófer Áki Hlinason fékk svo gult spjald á leið inn í hálf-leik eða á 46. mínútu og í kjöl-farið fengu ósáttir þjálfararnir spjöld. Brynjar Kristmunds-son fékk rautt spjald og brottví-sun og Aron Gauti Kristjánsson fékk gult spjald. Á 50. mínútu bættu Gróttumenn öðru marki við og var staðan 0-2. Heima-menn áttu gott spil en áttu erfitt með að komast í gegnum vörn mótherjanna en það hófst þó á 63. mínútu þegar Luis Alberto

Diez Ocerin skoraði fyrir Vík-inga. Kwame Quee fylgdi á eft-ir og skoraði sitt annað mark í leiknum sem fékk að standa í þetta sinn og endaði leikurinn í 2-2. Víkingar eru halda ennþá 7. sætinu í riðlinum eftir leik-inn með 11 stig. Næsti leikur liðsins er í Fótbolta.net bikarn-um en hann fer fram á heimavelli miðvikudaginn 25. júní. Sunnu-daginn 29. júní eiga þeir svo leik við Kára í Akraneshöllinni.

Reynir H. átti leik í Kórnum á móti KM mánudaginn 23. júní. Leikurinn endaði 4-0 fyrir KM þrátt fyrir góða spilamennsku Reynismanna. Reynir H. situr ennþá á botni deildarinnar með 0 stig eftir 6 leiki. Næsti leik-ur liðsins fer fram á Ólafsvík-ur velli mánudaginn 30. júní klukk-an 20:00.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Vegna sumarleyfa kemur Bæjarblaðið Jökull ekki út í vikum 28 - 32.

Síðasta blað fyrir sumarfrí kemur út 3. júlí.

Fyrsta tölublað eftir sumarfrí kemur út 14. ágúst.



Þjóðbúningadagur/Skotthúfan í 20 ár

Þann 17. júní síðastliðinn opnaði sýning í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla um Þjóðbúningahátíð Byggðasafnsins sem hófst fyrir 20 árum.

Handverksdagur var haldinn um land allt á vegum Handverks & Hönnunar árið 2005 og í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla í Norska húsinu var boðið upp á kynningu á handverki tengdu tálgu úr íslensku birki og hinsvegar tengdu íslensku þjóðbúningunum. Þá var bryddað upp á þá nýbreytni að bjóða til þjóðbúningakaffis svo að fólk á búningum naut góðgerða í betri stofu Önnu Magdalenu.

Handverksdagar voru haldnir árin á eftir en breyttist síðar í Þjóðbúningadaginn í Norska húsinu þar sem sem sjónum var einkum beint að íslensku þjóðbúningunum.

Gestir hafa í tímans rás komið víða að á þjóðbúningadag Norska hússins en árið 2013 var ákveðið að dagurinn skyldi bera nafnið Skotthúfan og undir því nafni hefur þjóðbúningadagur farið fram síðan 2014.

Fjöldmörg hafa lagt Skotthúfunni lið þessi 20 ár frá því að fyrst var haldinn þjóðbúningadagur. Handverksfólk, þjóðbúningasérfræðingar, gullsmíðir, ullarfram-



leiðendur, vefarar, þjóðdansasfélög, tónlistarfólk, kvæðafólk auk fjölmargra annarra hafa lagt hönd á plóg og gert hátíðina að því sem hún er í dag.

Samstarf við Heimilisiðnaðarfélag Íslands um Skotthúfuna hefur verið með miklum ágætum í gegnum tíðina sem og við heima fyrirtækin og stofnanir í Stykkishólmi sem ávallt hefur verið mætt með velvilja.

Á sýningunni má sjá skemmtilegar ljósmyndir frá þjóðbú-

ingadeginum, síðar Skotthúfunni, frá ýmsum aðilum auk safnsins sjálfs og ber þar helst að nefna: Eypór Benediktsson, Önnu Melsteð, Sumarliða Ásgeirsson, Heimir Hoffritz, Alberto Zaccarini og fleiri. Ljósmyndir þeirra eru undirstaða sýningarinnar sem opnaði í tilefni af 20 ára afmælis viðburðarins.

Skotthúfan 2025 fer fram næstkomandi laugardag 28. júní og nánari dagskrá hennar má sjá hér í blaðinu.



TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211

MALBIKUN
AKUREYRAR

Tilboðs fyrirspurnir
854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is



Amtmannshúsið á Arnarstapa

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Amtmannshúsið á Arnarstapa

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2025 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Amtmannshúsið á Arnarstapa í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með nýju deiliskipulagi er skilgreindur byggingarreitur undir vellíðunarhús sem mun hýsa slökunarrými, þurrufu, heitan pott og verandir. Vellíðunarhúsið skal ríma við útlit núverandi húsa á lóðinni, klætt dökkri viðarklæðningu, með mænispaki sem stallast niður með landslaginu. Útveggir skulu klæddir að hluta til með hlöðnu grjóti líkt og núverandi veggir á lóðinni. Breytingar innan lóðar taka eingöngu til uppbyggingu vellíðunarhúss og svæðis í kringum það. Leyfilegt er að byggja alls 130 fm A+B rými. A rými má þó ekki vera stærra en 80 fm.

Gögn eru frá KRADS: Uppdráttur og greinargerð ásamt skýringaruppdrætti

Hægt er að skoða tillöguna frá 25. júní - 6. ágúst 2025 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 851/2025.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 6. ágúst 2025. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls nr. 851/2025.

Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar



BYGGÐA
SAFN
SNÆFELLINGA
OG HNAPPDÆLA
NORSKA
HÚSIÐ



BYGGÐASAFN SNÆFELLINGA OG HNAPPDÆLA fagnar 20 ára afmæli ÞJÓÐBÚNINGADAGS - SKOTTHÚFUNNI í Stykkishólmi laugardaginn 28. júní 2025.

11 - 17 Norska húsið: Komið og rifjið upp Þjóðbúningadag Byggðasafnsins í 20 ár
Ljósmyndasýning í tilefni af þjóðbúningadegi safnsins sem haldinn hefur verið í 20 ár. Svipmyndir frá liðnum árum. Skotthúfa Auðar Laxness verður kynnt í safnbúðinni.

Æðarsetur Íslands & Sjávarborg Café: Komdu og fáðu þér kaffi

Æðarsetur Íslands (Opíð 13-17) og Sjávarborg Café (Opíð 12-17) bjóða búningaklæddum gestum upp á kaffi og þjóðlegar veitingar í tilefni dagsins. Öll velkomin.

12 - 16 Tang & Riis: Komið og kaupið! Farandverslun Heimilisiðnaðarfélags Íslands

12 - 16 Tang & Riis: Komið og kniplið!

Komið og kniplið, kynnist skemmtilegri handverksaðferð hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. Gestir geta fengið að prófa.

12 - 16 Vinnustofan Tang & Riis: Komið og skoðið freyjur og fugla

Sýning Ingibjargar H. Ágústsdóttur **MÆÐGUR** opin í vinnustofu í kjallara.

12 - 14 Gamla frystihúsið, Aðalgata 1: Komið og lærið að kveða

Atli Freyr kennir kveðskaparlist, hefur þú prófað að kveðast á?

14 - 16 Gamla frystihúsið, Aðalgata 1: Komið og lærið að dansa

Félagar úr Þjóddansafélagi Reykjavíkur kenna áhugasömum íslenska þjóddansa.

16:00 Myndataka við Norska húsið

Þjóðbúningaklæddir gestir sitja fyrir á árvissri mynd hátíðarinnar.

16:15 Þjóddansar á Plássinu: Komdu og stígðu dans

Félagar úr Þjóddansafélagi Reykjavíkur taka sporið fyrir utan Norska húsið.

Dansaðir verða íslenskir þjóddansar og gestum gefst tækifæri að taka þátt í dansinum.

18 - 22 Hótel Fransiskus: Komdu á kvöldvöku

Opíð hús frá kl. 18 - 22 í morgunverðarsal Fransiskus gengið inn frá bílastæði sunnan megin.

Súpa borin fram frá kl. 19 á meðan birgðir endast. Verð fyrir súpu kr. 2.000

Skráning nauðsynleg - skannið QR kóðann!

Kvöldvaka hefst kl. 20 Kvöldvökustjóri: Eydís Gauja.

Þjóðbúningaspurningakeppni, kveðskapur, Eyjólfur Eyjólfsson verður með langspilskynningu og tónlistarflutning með hjálp gesta, samsöngur og fleira.



SÖKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SAFNARÁÐ



Sveitarfélagið
Stykkishólmur

norskahusid.is - f norskahusid - f skotthufan

Allir viðburðir og dagskrá eru á Facebook!